



Fundargerð

Stjórn VJB - 140. fundur stjórnar VJB haldinn í Hrauneyjum og fjarfundi,
29. júní 2020, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,
Anna Dóra Sæpórsdóttir, varaformaður stjórnar,
Þorkell Lindberg Þórarinnsson, varamaður varaformanns stjórnar,
Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps,
Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Eyrún Arnardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótsdalshéraðs,
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins
Hornafjarðar,
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaga,
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs,
Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulspjóðgarðs.

Gestir:

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulspjóðgarðs,
Steinunn Hödd Harðardóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Höfn.

1. Svæðisráð suðursvæðis - 81 - 2006001F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

2. Svæðisráð austursvæðis - 97. fundur - 2006002F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis.

3. Svæðisráð norðursvæðis - 71 - 2005008F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis.

4. Svæðisráð norðursvæðis - 72 - 2006003F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis.

5. Matsnefnd leyfisveitinga - 4 - 2005009F

Fyrir fundinum lá fundargerð matsnefndar leyfisveitinga til kynningar.

6. Matsnefnd leyfisveitinga - 5 - 2005011F

Fyrir fundinum lá fundargerð matsnefndar leyfisveitinga til kynningar.

7. Ársreikningar - 2006019

Lagður fram ársreikningur fyrir árið 2019 til staðfestingar. Tvö fylgiskjöl fylgja þessum dagskrárlið, ársreikningur 2019 og kynning fjármálastjóra á ársreikningnum. (glæra/pdf)

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 15:00

Fjármálastjóri kynnti ársreikning vegna 2019 þar sem fram kom að

Vatnajökulspjóðgarður var rekinn með um 35 milljóna kr. afgangi það ár. Stjórn staðfestir ársreikning 2019 og þakkar stjórnendum stofnunarinnar fyrir ráðdeild og útsjónarsemi við að skila rekstrinum með talsverðum afgangi.

8. Rekstur 2020 - 2003002

Rekstur 2020 - staða reksturs janúar til og með maí. Eitt fylgiskjal

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 15:30

Fjármálastjóri gerði grein fyrir stöðunni í rekstrinum fyrstu 5 mánuði ársins. Staðan er í góðu jafnvægi.

9. Þjóðgarðsvörður norðursvæði hálendi - 2006018

Þjóðgarðsvörður á norðursvæði - hálendi hefur sagt starfi sínu lausu.

Þjóðgarðsvörður á norðursvæði hálendi norðursvæðis hefur óskað eftir flutningi í annað starf innan Vatnajökulspjóðgarðs. Stjórn þakkar Jóhönnu Katrínu Þórhallsdóttur fyrir vel unnin störf þjóðgarðsvarðar á norðursvæði.

10. Stjórnunar- og verndaráætlun Jökulsárlón og þjóðlendur - 1709003

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand. Tillögur svæðisráðs Suðursvæðis

Gestir

Steinunn Hödd Harðardóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - 16:15

Kynnt voru drög að nýrri stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand og Jökulsárlón. Stjórn leggur áherslu á að ljúka verkefninu sem fyrst svo hægt sé að nýta þetta mikilvæga stjórnæki á svæðinu m.a. í tengslum við innleiðingu atvinnustefnu og reglugerð um atvinnutengda starfsemi innan Vatnajökulspjóðgarðs.

11. Atvinnustefna - viðmið - 2005027

Fyrir fundinum lá tillaga að viðmiðum til að nýta við að innleiða atvinnustefnu þjóðgarðsins.

Gestir

Steinunn Hödd Harðardóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - 16:30

Stjórn tekur jákvætt í fyrirliggjandi tillögu um viðmið til að nýta við ákvarðanatöku og samningagerðar við atvinnulífið vegna íshellaferða og jöklagangna innan Vatnajökulspjóðgarðs. Áfram verður unnið að þróun viðmiða.

12. Iceguide ehf - Umsókn um atvinnutengda starfsemi - 2005008

Fyrir fundinum lá umsókn frá fyrirtækinu Iceguide og minnisblað vegna umsóknar um atvinnutengda starfsemi í Esjufjöllum.

Í ljósi þess að svæðið er í verndarflokki 1a í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs sem er hæsta verndarstig samkvæmt IUCN (Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin) getur stjórn Vatnajökulspjóðgarðs ekki samþykkt fyrirliggjandi beiðni fyrirtækisins Iceguide ehf um að hefja hópferðir í atvinnuskyni í Esjufjöll.

13. Deiliskipulag og stefnumótun, Skaftafell - 2006013

Kynning á áætlun um fyrirhugaða skipulagsvinnu og stefnumótun fyrir Skaftafell og nágrenni.

Stjórn fagnar því að hafin verði vinna við að móta framtíðarsýn fyrir Skaftafell og nágrenni og nýtt deiliskipulag fyrir svæðið. Stjórn staðfestir áætlunina og felur framkvæmdastjóra að koma athugasemdum stjórnar við drög að verkefnisáætlun.

14. Stjórnunar- og verndaráætlun VJB 2020 - 2023 - 1909029

Fyrir fundinum lágu drög að verkefnislýsingu vegna endurskoðunar á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs.

Stjórn samþykkir verkefnalýsingu vegna fyrsta áfanga endurskoðunar á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs sem mun leiða til grunnendurskoðunar stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs. Jafnframt leggur stjórn áherslu á að hugað verði að ítarlegri endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar í beinu framhaldi.

15. Vestursvæði - Vonarskarð, næstu skref, verkefni svæðisráðs - 1907014

Alls bárust umsagnir frá 18 einstaklingum og 23 hagsmunaaðilaum vegna Vonarskarðs.

Hjá Vatnajökulspjóðgarði stendur yfir vinna við framtíðarskipulag náttúruverndar og innviða innan landslagsheildarinnar í Vonarskarði, í tengslum við endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins. Alls hafa nú borist umsagnir frá 18 einstaklingum og 23 hagsmunaaðilaum vegna framangreindrar vinnu. Stjórn mun halda áfram vinnu við verkefnið í náinni samvinnu við svæðisráð vestursvæðis.

16. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundi.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.a

Fundi slitið kl. 18:00.